


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009	<b>Litafræði og myndbygging (MYL403)</b> <b>Kennsluáætlun (vorönn 2010)</b>	
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

<b>Nafn kennara:</b>	<b>Anna María Guðmann</b>	<b>Sk.stöfun:</b>	<b>AMÍ</b>
<b>Sími: 8978621</b>	<b>Viðtalstími á mánudögum 12:40 – 13:15</b>	<b>Netfang</b>	<b>ami@vma.is</b>

### Áfangalýsing

Undanfari: MYL233, MYL 303, MYL314, MYS203

Markmið þessa áfanga er að dýpka tilfinningu nemenda fyrir samspili lita og forma í myndbyggingu og að geta nýtt sér þá þekkingu á áhrifaríkan hátt í gerð myndverka. Einnig að skerpa næmni fyrir blæbrigðum í lit eftir litastyrkleika hans og ljósmagni. Merking og tákn í meðferð lita og forma eru kynnt fyrir nemendum. Í framhaldi af þeirri umræðu er unnið markvisst með litablöndun á persónulegan hátt í málverki. Myndgreining er samofin kennslunni í þessum áfanga þ.e.a.s. að valin eru verk þekkra listamanna eða hönnuða til skoðunar með tilliti til myndbyggingar, notkun lita og stílbrigða. Samhliða vinnu áfangans eru reglulegar umræður þar sem nemendur kynna verk sín og taka þátt í opinni umræðu um eigin verk og annarra á uppbyggilegan hátt.

### Áfangamarkmið

Markmið nemenda er að þeir:

Kunni að beita litum á fjölbreyttan og áhrifaríkan hátt og hafi vald á litablöndun.

Geti greint tón, blæ og ljósmagn lita og geti notað það við litablöndun.

Geti nýtt allan litaskalann á áhrifaríkan hátt í einföldum myndum.

Geti tjáð hugmyndir sínar, skoðanir og tilfinningar á markvissan og sjálfstæðan hátt með litanotkun.

Þekki viðhorf sín til ólíkrar samsetningar lita og forma.

Geti greint áhrif lita og litasamsetningar í mismunandi samhengi.

Geti notað táknfræði til að greina hvaða möguleg áhrif samsetning lita og forma getur haft.

Geti greint mismunandi áhrif lita í ólíkum miðlum, t.d. sjónvarpi, kvikmyndum, auglýsingum og málverkum.

Geti gert greinarmun á almennri merkingu og persónulegri merkingu lita.

Séu færir um að fjalla um og meta eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt.

Geti rætt opinskátt um þær hugmyndir sem þeir eru að reyna að túlka í verkum sínum.

Geti greint áherslur og mismunandi merkingar í litanotkun og myndbyggingu þekkra listamann og hönnuða.

Mæti í alla tíma og vinni vel að verkefnum sínum í tímunum. Einnig að vinna vel að þeim heimaverkefnum sem sett eru fyrir.

### Námsmat:

Próflaus áfangi. Ástundun og símat. Mikilvægt að vinna öll verkefni því gefið er fyrir hvert og eitt. **Skilað verður eftir hverja lotu, og dragist að skila á réttum tíma dregst 1 heill frá fyrir hverja viku sem dregst að skila.**

Lota 1 = 20%

Lota 2 = 35%

Lota 3 = 40%


Mæting = 5%

### Mætingar

Það er 100% mætingarskylda. Slök mæting kemur niður á árangri og afköstum.

Einungis er gefið svigrúm fyrir 9 fjarvistarstig á önninni fyrir veikindi og þ.h. (3 stig fyrir hverja einingu). Eftir það telst nemandi hafa sagt sig úr áfanganum.

Ef þið getið ekki mætt vinsamlega látið mig vita í qegnum tölvupóst eða sms (sjá efst á blaði)

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 2	<b>Litafræði og myndbygging (MYL403)</b>	<b>Kennsluáætlun (vorönn 2010)</b>

### **Innkaup**

Teikniblýantar eða blý í mismunandi mykt, strokleður, yddara, svínshárspenslar t.d. no. 4, 6,10,16, penslataska (má sleppa). Dagbók. Skissubók A4 (verður að vera ónotuð). Plastmappa A3 með plastumslögum. Hægt verður að kaupa skissubókina og plastmöppuna í skólanum (á skrifstofunni).

Vika	Lota	Kennslulýsing
1-4	1	Kynning á kennsluáætlun og áfanganum og markmiðum hans. Innkaupalisti kynntur. Unnið við litaprufur og liti og litasamsetningar. Farið í aðferðir og fagheiti lita og áhalda og meðferð þeirra og gerðar ýmsar prufur. Málun og litablöndun. Dagbókarvinna. Heimaskissur. (Vægi 20%). <b>Skiladagur fös. 5. febrúar í fyrsta tíma. (í viku 5)</b>
5-9	2	Vinna myndbyggingarskissur, hlutbundnar og óhlutbundnar. Umhverfi innanhúss og utan skoðað m.t.t. ljóss, skugga, litgilda og samspili lita og forma. Finna hugmyndir í hinum ýmsu miðlum s.s sjónvarpi útvarpi og tímaritum. Óvenjuleg og mismunandi sjónarhorn athuguð. Vinna svo litaskissur út frá þessari könnun þar sem litafræðin, stemning, samspil litanna og tákfræðin er skoðuð. Málun. Dagbókarvinna. Heimaskissur. (Vægi 35%). <b>Skiladagur fös. 12. mars í fyrsta tíma. (í viku 10)</b>
10-17	3	Lokaverkefni. Velja sér eitthvað til að vinna út frá. Það getur verið t.d þema, listaverk, listamaður, kvikmynd, bók, orð, atburður eða eitthvað þvíumlíkt. Gera skissur, skoða mismunandi sjónarhorn og myndbyggingu og vinna hugmyndavinnu á persónulegan máta, vinna litaprufur og að lokum gera 1 eða fleiri lokaverk. Dagbókarvinna. (Vægi 40%).
17	LOK	Frágangur og uppsetning verkefna í möppu og verk hengd upp fyrir foreldra og/eða vinakvöld líklega þann 29. apríl. <b>Lokaskiladagur þann 30.apríl milli kl. 8:15 og 11:20 (í viku 17)</b>

Tegund	Námsgögn
bækur	Ýmsar listaverkabækur sem tengjast viðfangsefni hvers og eins.
ljósrit	Ýmis ljósrit sem tengjast viðfangsefnum hverju sinni.

### **Athugið**

Verkefni nemenda eru geymd án ábyrgðar í 1 ár frá sýnidegi prófa og fargað hafi þau ekki verið sótt að þeim tíma liðnum.

**Með fyrirvara um breytingar. Gangi ykkur vel og hafið gaman að.  
Amí (Anna María Guðmann)**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils